

22. nóvember 2011

Fundur nr. 67

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 22. nóvember 2011 kl. 19:30 í íþróttahúsinu Vogum.

Mættir eru: Björn Sæbjörnsson, Heiða Elísdóttir, Sandra Helgadóttir, Kristján Árnason og Sigríður Vigdís Þórðardóttir.

1. Fundagerð síðasta fundar

Framkvæmdastj. falið að tala við þjálfara. Framkvstj. falið að ná sambandi við manninn sem setti upp heimasíðuna og ganga á hann.

2. Júdó

Kristjáni var falið að fara yfir málefni Magnúsar Júdóþjálfara og ræða við hann.

3. Íþróttaskólinn

Framkvæmdastj. Falið að ræða við Þórir Rafn Hauksson til að taka við íþróttaskólanum. 4 tímar eftir.

4. Hvernig getum við gert félagið sýnilegra

Sendu bréf á bæinn og koma með tillögu um að fá að setja merki þróttar utan á íþróttahúsið til þess að gera félagið sýnilegra. Framkvæmdastj. Falið að reyna að útvega skilti og fá að setja á völlinn. Bærinn sjái til þess að félagið verði sýnilegt þegar að völlurinn verður vígður.

5. Samningur við meistaraflokk

Lesið yfir samninginn og hann lítið lagfærður. Framkv. stjóra falið að ræða við Marteín og fara yfir samninginn með honum. Ef hann hefur ekkert um hnn að segja munum við undirrita á næsta fundi.

6. Önnur mál

Jóhanna Lovísa Jóhannsdóttir kom á fund stjórnarinnar og afhenti stjórninni formlega foreldrafélagið.

Athuga með Guðmann um að skrifa sögu þróttar í afmælisrit.

15.des jólamót fótboltans. Yngri krakkar fara í frí eftir það en eldri krakkar halda eilítið áfram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 20:35